

Reykjavík, 29 febrúar 2024

Gufunes – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /USK23120134


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. febrúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Moldarblöndunar Gæðamoldar ehf., dags. 13. desember 2023, um áframhaldandi starfsemi á Gufunesi að hluta til eða á öllu svæðinu sem merkt er við á loftmynd.



Hugmyndasamkeppni



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir svæðið OP8 Gufunes. Borgargarður. Innan borgargarða er gert ráð fyrir útvistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afpreyingar og leikja og allrar almennar frístundaiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Samfélagsstofnanir geta verið heimilar, skv. ákvörðun í deiliskipulagi. Samkvæmt Aðalskipulagi liggur stofnstígur í gegnum svæðið.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

Umsögn

Núverandi starfsemi er ekki beint í samræmi við landnotkun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Svæðið er skilgreint sem borgargarður þar sem gert er ráð fyrir útvist og frístundariðkun.

Hugmyndasamkeppni um Gufunes var haldin árið 2016. Ákveðið hefur verið að vinningstillagan úr þeiri hugmyndasamkeppni, sem gerir ráð fyrir blandaðri byggð, verði höfð sem grunnur fyrir 1.áfanga að deiliskipulagi Gufunesvæðisins, en gert er ráð fyrir að svæðið í heild verði skipulagt í nokkrum áföngum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær opna svæðið verður skipulagt í heild, en gera má ráð fyrir að ekki sé langt í það.

Þegar sótt var um starfsleyfi í lok 2017 var það lagt til að hálfu skipulagsfulltrúa að starfsemin fengi að vera á svæðinu í 5 ár. Eftir það yrði Gæðamold ekki leyfilegt að jarðgera lengur á núverandi stað á Gufunesi. Þar sem enn liggur ekki fyrir skipulag fyrir svæðið, getur Gæðamold fengið að halda áfram starfsemi á svæðinu næstu tvö árin, eftir það verður að endurskoða hvort starfsemin fái að vera áfram á svæðinu.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við áframhaldandi starfsemi, takmarkað við tvö ár.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri